



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 11. jan. 2021 kl. 17:00-18:40.

(Fundur nr. 5. frá Reykjavík)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Berglind Ásgeirsdóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Björn Traustason, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð). Fundur um Teams.

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt án breytinga.

2. Umsögn um Hálandisþjóðgarð

Ákveðið var af fresta umræðum, enda rennur frestur til að skila umsögn ekki út fyrr en 1. feb.

3. Vorviður – Stuðningur við kolefnisbindingu félaga og félagasamtaka.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til mánaðarmóta. Í pottinum eru 9 m kr. Skógræktarfélög eru hvött til að sækja um, ekki síður en önnur félagasamtök. Verkefnið er ekki bundið við skógarplöntur; kaupa má stærri plöntur í pottum, t.d. stórar plöntur til að setja í lúpínubreiður. Markmiðið er augin kolefnisbinding.

4. Þrándarstaðir í Brynjudal, endurnýjun samnings

Samningur til 25 ára gildir til ársins 2026. Þuríður og Brynjólfur kanni möguleika sem eru í stöðunni.

5. Rótarskot – hvernig tókst til

Tölur eru enn ekki komnar í hús. Ekki er því ljóst hvort Rótarskotið hafi fest sig í sessi. Rótarskotin voru f.o.f. kynnt á samfélagsmiðlum, en lítið í fjölmiðlum.

6. Ályktun um snjóflóðavarnir

Vegna skriðufalla á Seyðisfirði, vöknudu vangaveltur um að U&A eða Ofanflóðasjóður fari að taka skógrækt inn í þessi ofanflóðamannvirki, sem hluta af vörnunum. Á þessum stöðum eru starfandi skógræktarfélög og sum þeirra hafa þurft að sjá á bak skógum sínum vegna þessara gerðar þessara jarðvegsmannvirkja. Í Ölpunum er skógrækt rækilegur hluti af snjóflóðavörnum á þessum stöðum. Illa hefur verið staðið að slíku, þá sjaldan sem tekið hefur verið tillit til gagnsemi skóga á þessum gördum. BJ sér um að setja saman drög að slíkri ályktun.

7. Önnur mál m.a. hvernig gekk jólatrjáavertíð, o.fl.

Mikið seldist hjá Mosfellingum þetta árið, aðallega úr landi fyrir ofan Skammadal. Mikil spurn eftir trjám með rót. Á Blönduósi seldist vel af tröpputrjám. Í fréttum var sagt frá því að æ færri heimili hafi lifandi jólatré á jólum, og æ fleiri sem eru með gerfijólatré eða ekkert jólatré.

Björn Traustason sagði frá nýjum hugbúnaði fyrir landupplýsingakerfi sem gæti vel nýst skógræktarfélögum án mikils aukakostnaðar. Verið er að skoða málið og verður kynnt nánar í vor.

Nýir eigendur eru komnir að gróðrarstöðinni Kvistum. Skógræktin ætlar að opna á ný gróðrarstöðina á Tumastöðum, með áherslu á framleiðslu asparplantna.

Samanlagt virðist sem fari í jörð á þessu ári 5 milljónir trjáplantna.

Fleira var ekki gert.